

Um sjóslysið við Eyrarbakka fyrir um 70 árum.

Svar til Þórðar Jónssonar, Eyrarbakka

„Forðastu svoddan fíflskugrein framliðins manns að lasta bein, sá dauði hefir sinn dóm með sér hver helst hann er, sem bezt haf gát á sjálfum þér“.
Hallgr. Pétursson.

OVENJULEG „JÓLASAGA“ og naumast af venjulegum hugðnæmum jólahugleiðingum spunnin, birtist í **Jólablaði** **Alþýðublaðsins** nú um síðastliðin jól. Er hún endileysa ein og öfgafull lýsing á slysi því, er varð á Eyrarbakka fyrir nærri 70 árum, missögn hin mesta um einstaka menn og niðrandi um héraðsbúa, í tilefni af slysi þessu og afleiðingum þess. Enda þótt harðla ótrúlegt sé, að nokkur heiðvirður maður leggi trúnað á frásögn þessa sökum þess hversu einhliða hún er og miður góðgjörn í garð einstakra manna austur þar og héraðsbúa yfirleitt, verður eigi hjá því komist, að leiðrétta fátánlegustu firrurnar í frásögninni, einkum vegna þess, að hún getur e. t. v. orðið notuð síðarmeir sem söguleg heimild og sannindi um hið herfilega ófremdarastand, sem á að hafa verið í Stokkseyrarhreppi hinum forna og þarna er lýst, sé henni eigi mótmælt. Sem rök fyrir mótmælunum liggja sumpart fyrir órækar, skjállegar sannanir, og sumpart einróma umsagnir merkra manna, sem enn eru á lífi, og þá, 1870, voru orðnir fulltíða menn og nágrannar eða samverkamenn þeirra, er frásögnin fer einna hraklegast með og hallar mest á, þótt legið hafi í grófum sínum áratugi og eigi þess vegna engan kost á því, að verja heiður sinn og æru.

Frásögnin er eftir Þórð Jónsson, verkamann á Eyrarbakka, og þótt gjöra megí ráð fyrir því, að hann hafi e. t. v. ætlað að gjöra einhverju velferðarmáli þjóðarinnar gagn eða greiða með þessum skrifum sínum, sem vel má vera að hafi verið tilgangurinn, þá verður eigi annað sagt en að það sé „bjarnargreiði“ hinn mesti, og það eins fyrir því, þótt um áhugamál hans og margra annara, t. d. bindindismálið eða slysavarnirnar sé að ræða. Þeim málum verður ekki, en um öðrum góðum mál-

efnum, verri „greiði“ gerður en sá, að ræða um þau eða rita með ofstækisfullum öfgum. Það hefir reynzlan sýnt til þessa.

Höfundurinn (Þórður Jónsson) segir, að Þorleifur (Kolbeinsson „hinn ríki“) á Háeyri hafi sent formann sinn, Magnús Ingvarsson nokkru fyrir Páska, árið 1870, suður til Reykjavíkur, til þess að kaupa brennivín á 20 potta kút! („½ anker“) er Þorleifur gæti síðan okrað á um hátíðarnar (Páskana). Annars erindis Magnúsar suður að þessu sinni, en þessa, er ekki getið. Hið sanna er, að Þorleifur sendi engan mann til brennivínskaupa suður til Reykjavíkur að þessu sinni og hefir sennilega aldrei gjört það, því hann var vanur að byrgja sig upp með þá vöru sem hverja aðra, er hann vanhagaði um, frá Lefoliisverzlun, löngu áður en varan var þrotin í þeirri verzlun. Suðurferðin var að vísu farin, en alls ekki til brennivínskaupa fyrir Þorleif eða aðra, heldur til veiðarfærakaupa, og vildu formennirnir vitanlega sjálfir mestu ráða um þau kaup. Lóðafiski var að komast á austur þar um þetta leyti (byrjaði 1868—'69) og var þessi veiðiaðferð því nærri óþekkt þá og illa séð af mörgum, enda átti hún erfitt uppdráttar og komst ekki almennt á fyr en 10 árum síðar (m. a. í Þorlákshöfn 1878). Mennirnir sem fóru, voru þessir: Magnús Ingvarsson (sá, er frásögnin getur um), Guðm. Guðmundsson, systursonur Þorleifs, og Jón Jónsson („Jón sterki“). Allir voru þessir menn meðal fremstu formanna þar um slóðir, áhugasamir og dugandi menn. Það var því ekki nema eðlilegt að þeir vildu sjálfir annast innkaup öll á vöru þeirri, er þeir töldu sig þurfa með til útgerðarinnar, svo nýstárleg sem hún var. Fyrir Guðmundar var þó eigi að öllu leyti í sama skyni gjörð sem hinna, heldur meðfram til þess að undirbúa för sjálfs hans til Ameríku rúmum mánuði síðar (6. júní 1870), alfari af landi burt. Gekk Guðmundur þar vestra undir nafninu „Gamli Gvendur“, sem kunnugt er; hann andaðist þar vestra 1935,

nærri 95 ára að aldri (f. 8. júní 1840), og er kona hans, Guðrún Ingvarsdóttir (systir Magnúsar formanns) enn á lífi þar vestra, nærri 95 ára að aldri. Guðm. var einn meðal þeirra 4 manna, er fyrstir allra þar eystra — og mér er nær að halda á öllu landinu — hófu hópferð sína til Ameríku. Kona Guðmundar fór vestur 2 árum síðar og eru börn þeirra þar vestra og barnabörn almenningi kunn, sökum dugnaðar og framtakssemi við fiskiveiðar o. fl. Móðir mín og Guðm. („Gamli Gvendur“) voru bræðra börn og hafði ég bréfaviðskifti við hann um margra ára skeið hin síðustu æfiár hans og minnst hann þar á ýmislegt það, er að undirbúningi vesturfaraðinnar laut, formennsku, fiskiveiðum o. fl., einmitt og einkum veturinn áður en hann fór vestur (1870). Mér er því mörgum öðrum kunnugra um viðburði árs þessa á Eyrarbakka og tel mér skylt að hnekkja þeim atvikið frásagnar höf. sem ég tel máli skifta og skaðlegust eru, eftir því sem þekking mín nær til.

Sendiför þessi er síðan í **Jólablaði** **Alþýðublaðsins** sett í samband við hið sorglega slys: Þorleifur á Háeyri talinn vera óbeinlínis, ef ekki beinlínis valdur að illri meðferð á börnum formannsins, er fórst með 5 mönnum öðrum 13. apríl 1870 og jafnvel að slysinu sjálfu. — Því miður voru þvílík slys sem þessi allt of tíð þar eystra og flest þeirra með sama hætti; má þar til nefna drukknanir þeirra Tyrfings Snorrasonar (15 menn) 20. marz 1863, Sæmundar, Bárðarson (10 menn) 21. apríl 1886, Sigurðar Grímssonar (9 menn) 25. marz 1891, Torfa Nikulássonar 20. marz 1897 (9 menn) o. fl. er öll urðu með þeim hætti, að leynd boðaföll hófust upp að þeim óvörum og grandaði skipum þeirra og áhöfnum öllum, án þess að neinu væri unt að bjarga. Hugsast getur, að formenn hafi þá eigi altént gætt þess nógu vel, í hvaða hættu þeir voru staddir, ekki verið nægilega lagvandir, eða þeir hafi talið sig örugga um það, að þeir væru komnir á rétt

sundmerki þá er slysið varð, eða að þá hafi sannast máltækid: „Bregður hverjum á bana-dægri“, en ég hefi aldrei vitað neinn mann svo ósanngjarnan, að honum hafi komið til hugar að ásaka aðra óviðkomandi menn um að vera valdir að neinu þessara sorglegu slysa, né heldur að drukknun Sveins Arasonar frá Simbakoti 13. apríl 1870, fyr en nú, að höf. frásagnarinnar í **Jólablaði** **Alþýðublaðsins** kveður upp úr með það, án þess þó að leitast við að sanna þá staðhæfingu sína.

Til þess, svo að bæta gráu ofan á svart og gjöra Jólasögu sína enn hugðnæmari lesendum **Alþýðublaðsins** — ef þeir hafa þá kunnað að meta viðleitni hans svo sem hann ætlaðist til — hnýtir höfundurinn hverri getsökinni aftan í aðra, sem auðvelt er að reka ofan í hann aftur, sem staðlaus ósannindi. Hann segir: „Sveinn á Sunnhvoli var því einn þessara barna, sem tekin voru úr mjúkum móðurhöndum og boðin upp að þeirrar tíðar sið og slegin lægstbjóðanda“.

Höfundurinn er nfl. áður búinn að vaða elginn með þá missögn sína, að Þorleifur (Kolbeinsson „hinn ríki“) á Háeyri hafi verið hreppstjóri Stokkseyrarhrepps árið 1870, þá er slysið varð, og þessu til sannindamerkis birtir hann mynd nokkra (reglulega ómynd, mjög illa gjörða) af manni einum með reiddan hamar í hendi sér til þess að „slá“ eitthvert þeirra barna eða þau öll, sem í kringum hann eru, hverjum þeim er lægst tilboð gjörir til að taka þau til fósturs, eða m. ö. o., að þeim, sem taka vill barn eða börn fyrir lægsta meðlag verði „slegið“ það eins og hver önnur algeng vara væri, reipi, reiðingur eða melja, og er með þessu verið að leitast við að sýna og sanna, að Þorleifur á Háeyri sé staddur á uppboðsþingi eða öllu heldur undirboðsþingi og sem hreppstjóri hreppsins og yfirvald að „selja“ börn og „slá“ þau þeim sem líklegastur er til þess að fara verst með þau, því naumast mun meðgjöfin til þess ætluð, að bæta mikið úr þörf

barnsins, þar sem verið er að leitast við að fá lægsta tilboðið! Enda er á öðrum stað að því vik-ið í frásögn Jólalablaðsins með þessum orðum: „Slík uppboð voru í andstöðu við öll önnur uppboð, þar sem hæstbjóðandi hlaut vöruna“. „Og það var Þor-leifur á Háeyri sem var upp-boðshaldari á þessum varningi sem aðalráðamaður Eyrarbakka-hrepps“(!). Er margt af þessu athugavert mjög og m. a. þetta:

1. Þorleifur á Háeyri var ekki hreppstjóri Stokkseyrarhrepps 1870. Hann lét af hreppsjórn 1866 og kom ekki, að því er séð verður, nærri hreppsmálum um 8 ára skeið um þetta árabíl eða fyrri en 1874.

2. Eyrarbakka-hreppur varð eigi til fyr en 1897 og gat því Þorleifur enginn „aðalráðamaður“ þess hrepps verið, því hann andaðist 1882.

3. Myndin, sem á að sýna Þor-leif með reiddan hamarinn til þess að „slá“ börnin, sem reynt er að sýna með hönd fyrir auga sér, til þess að þerra tárin, er áreiðanlega „mislukkuð“ mjög, enda grunar mig að myndin sé til orðin um líkt leyti og grein-in var prentuð. Þarna er sýnt drekamenni hið mesta, en Þor-leifur var einn meðal hinna smá-vöxnustu fullorðinna manna, þeirra er þó voru rétt skaptir, eins og hann, er ég hefi nokkru sinni séð.

4. Það eru freklegustu ó-sannindi og staðlaus með öllu, að börn eða sveitarómagar hafi nokkru sinni verið „sett á upp-boð“ austur þar, enda minnst þess enginn að hafa heyrt eða séð þessa getið fyr eða síðar. Myndin er einnig að þessu leyti „tóm ómynd“, eins og Sigríð-ur gamla í Nesi sagði um annað atriði, og fjarri því að vera við-eigandi, hvernig sem á hana er litið, en hún er „í fullu samræmi við alla hina vitleysuna“, eins og karlinn sagði.

Ég skora því á höfund frá-sagnar Jólalablaðs Alpýðublaðs-ins, hr. Þórð Jónsson, eða hvern annan, er kynni að halda því fram, eins og hann gerir, að nokkurt uppboð eða undirboð á börnum eða sveitarömögum í Stokkseyrarhreppi hinum forna hafi farið þar fram nálægt 1870 eða eftir það, að sanna það með rökum.

Missögninni um „uppboðið“ verður því að teljast hrundið með þessu, og ekki þurfa frek-ari sannana eða mótmæla við. En í sambandi við þá firru alla segir svo hin margnefnda Jólásaga Alpýðublaðsins frá

meðferðinni á börnum formanns þess, er fórst við slysið 13. ap-ríl 1870, Sveins Arasonar og einkum meðferðinni á „fátæka drengnum“, Sveini, „sem einu sinni var boðinn upp og sleginn lægstbjóðanda“, á þessa leið: „Sveinn lenti austur í Stokks-eyrarhreppi á frámunalega vondum stöðum. Í stuttu máli: Æska hans og uppeldi var með því aumasta, svo aum, að ég sleppi að lýsa því hér.“ Hrepps-nefndarbók Stokkseyrarhrepps og kirkjubók Gaulverjabæjar-prestakalls frá árinu 1870 skýra frá því, að drengurinn Sveinn Sveinsson frá Simba-koti hafi fluzt sem niðursetn-ingur að Hæringsstöðum vorið 1870 til Gunnars bónda Ingi-mundarsonar (bróður séra Páls í Gaulverjabæ) og konu Gunn-ars, Þuríðar Guðmundsdóttur (systur Ingibjargar yfirsetukonu á Eystri-Loftsstöðum). Var Sveinn hjá þeim hjónum frá því um vorið 1870 til jafnlengdar 1876, að hann fór aftur til móð-ur sinnar, Margrétar Jónsdóttur í Simbakoti, þá á 13. ári. Hér er því um enga aðra staði að ræða en Hæringsstaði.

Gunnar á Hæringsstöðum var allgildur bóndi, meinhægðar-maður hinn mesti og vandaður til orðs og æðis. Þuríður kona hans var myndarkona hin mesta, heimili þeirra gott, meðferð manna og málleysingja engu síðri hjá þeim en alment gerð-ist, heldur betri. Það er því rangt og óréttmætt að segja um þetta heimili, að það mætti telja með „vondum stöðum“. Þótt heimilið sé að vísu ekki nefnt né nöfn húsbændanna þar, er ekki öðrum „vondum stöðum“ til að dreifa, sem Sveini var valin dvöl á, en Hærings-staðaheimilinu, eins og áður er tekið fram.

Ingibjörg systir Sveins fór einnig sem niðursetningur til Jóhanns Magnússonar að Hær-ingsstaðahjálegu og konu hans, Agnesar Filippusdóttur, og leið henni þar vel. Þá er Jóhann var orðinn ekkjumaður, gat hann barn við Ingibjörgu, Ingiberg vélstjóra, d. 28. júní 1929. Ég var um langt skeið sem sjómaður með Jóhanni og þekti hann því vel sem góðan og vandaðan mann. Um illa meðferð á þess-um börnum Sveins Arasonar er því ekki að ræða. Engar „Jóla-sögur“ fá þessu hnekt, hversu glæsilegar og af hversu góðum toga spunnar sem þær kynnu að vera.

Tilraun er gerð til þess að „auka hróður“(!) Þorleifs á Há-

eyri nokkuð frekar en að framan er lýst, með því, er „Jólásagan“ hermir: „Auður ríka mannsins Þorleifs á Háeyri fór allur út í veður og vind strax eftir hans daga og kom engum að gagni.“ — Þetta er illa og ómaklega mælt, enda ósatt með öllu.

Eins og áður er sagt, andað-ist Þorleifur 1882. Þá þegar byrjar Guðmundur tengdason-ur hans hinar umfangsmiklu at-hafnir sínar; voru þær viðtæk-ar mjög og er m. a. hinn mikli skipastóll hans og stórútgerð, verzlun og varnargarðurinn mikli fyrir öllu Háeyrarlandi ó-rækur vottur þess, að höf. hall-ar hér sem annars staðar réttu máli. Þá er „Þorleifsgjöfin“, helmingur Hæringsstaðatorf-unnar, sem sýnir fyrirhyggju og ræktarsemi Þorleifs í garð sveitunga sinna, svo megingóð og mikilsverð gjöf fyrir alda og óborna hreppsþúa, þ. e. a. s. þeirra, sem nokkur dugur er í, að höf. ætti sjálfs sín vegna ekki að reyna að gera neina tilraun til þess, hvað þá meira, að kasta rýrð á þá ráðstöfun Þorleifs né virðingu hans og æru, nú eftir nær 70 ár, sem hann hefir legið í gróf sinni. Þá má og nefna 1000 kr. gjöf hans til Melabru-ariðnar og 3,57 hndr. í jörð til barnaskólans á Eyrarbakka. Þetta alt var stórfé á þeim tím-um og miklar gjafir.

Sá hluti auðæfa Þorleifs, er tengdasynir hans hlutu, þeir séra Jóhann Þorsteinsson í Staf-holti, og Jón Sveinbjörnsson á Bíldsfelli, verður ekki með réttu sagt, að „engum hafi orðið að gagni“. Þessar og þvílíkar fjar-stæður, sem stríða svo freklega á móti öllum sannindum og vit-anlegum staðreyndum, falla um sjálfar sig.

Æfiatriða Þorleifs Kolbeins-sonar á Háeyri hefir Brynjólf-ur Jónsson frá Minna-Núpi að nokkru getið í 6. tölublaði V. árg. Sunnanfara 1895 og sýnir frásögn hans um Þorleif og lýs-ing hans á honum, borin saman við „Jólásögu“ Þórðar Jónsson-ar í Jólalablaði Alpýðublaðsins 1937, að „velzt er hver á held-ur“, enda var Brynjólfur alþekt-ur maður að ráðvendni og ná-kvæmri athugun um sannsögu-legt gildi frásagna sinna. Út-varpserindi þau, er ég flutti 1935 í Útvarpinu um Þorleif og Kolbein föður hans, hefir enginn gert neinar athugasemdir við, svo ég viti til. Ég þekti Þorleif vel og hefi lýst honum eins og hann var: Vitur maður og góð-gjarn, framfaramaður hinn mesti og frumkvöðull fjölda

nytjastofnana, m. a. barnaskól-ans á Eyrarbakka o. fl., er allar horfðu almenningi til heilla. Mér er kunnugt um það, að allir góðir og réttðæmir menn austur þar, er til hans þektu, hafa blessað og blessa enn minningu Þorleifs sál. Kolbeinssonar og kunna að meta hann sem mætan mannvín og góðgjarnan í garð allra þeirra, er hann vissi, að áttu við bágkjör að búa. Það er því alveg þýðingarlaust fyrir Þórð Jónsson eða aðra hans líka, að gera Þorleifi upp þau köldu og kærleikssnaudu svör, sem hon-um eru eignuð, þá er lík Sveins Arasonar, aldavinar hans, átti að hafa verið borið sjórekið heim á hlað Þorleifs á páska-daginn 1870, eins og Þórður er að leitast við að lýsa í Jólásögu sinni.

Höf. frásagnarinnar virðist ætlast til þess, að lesendur henn-ar fái fulla vissu um sannleiks-gildi hennar með því, að ímynda sér að ráðstöfun hreppstjóra hafi verið á þessa leið:

Þá er koma þurfti fyrir fá-tæklingum, börnum eða gamal-mennnum á ómagafraðfæri hreppsins, boðaði hreppstjóri til almenns fundar meðal gjald-endanna (bænda) og setti þá undirboðsþing, þar sem ómag-arnir voru boðnir upp, þannig, að þeim, er gerði boð í „varn-inginn“ (orð höf.) og bauðst til að taka þá fyrir lægsta verð, var „slegið“ boðið! Að þennan skiln-ing eigi að leggja í frásögn höf. er auðsætt af myndinni. En þessu var alls ekki þannig farið, heldur svo sem hér segir:

Hreppstjórar komu saman að vorinu til, og ákváðu þá, án nokkurra tillagna eða umsagna annara en sóknarprestansins, væri hann viðstaddur eða tilkvadd-ur, að þessi eða hinn sveit-arómaginn skyldi settur niður hjá þessum eða hinum bóndan-um, án þess að hann væri við-staddur og hvort sem hann vildi eða ekki; ákváðu þeir þá um leið, hver meðgjöfin skyldi vera. Neitun bóndans um að taka ómagann á heimili sitt eða veigrun hans við því, vegna þess, að honum þætti meðgjöfin ófullnægjandi, hafði enga þýð-ingu. Við þetta varð að sitja, hvort sem bóndanum líkaði bet-ur eða ver, en hins mun jafnan hafa verið gætt, svo vel, sem unt var, að velja góða staði og að ástæður bóndans leyfðu það, að fjölgað væri fólki á heimili hans. Að þessu hafi verið þann-ig varið 1870, má m. a. sanna með eftirfarandi útdrætti úr Framh. á 8. síðu.

UM SJÓSLYSID VIÐ EYRARBAKKA.

Framh. af 5. síðu.
fundargerð hreppstjórnar
Stokkseyrarhrepps frá þeim
tíma, sem hér segir:

„Árið 1870, þann 16. júní,
voru hreppstjórnir í Stokks-
eyrarhreppi til staðar að Stokks-
eyri til þess að ... meta árs-
meðlag með hreppsins ómög-
um, samt að ráðstafa þeim í
vissa staði.

... Nr. 25, Sveinn Sveinsson,
6 ára gl., er settur niður *) ár-
langt hjá Gunnari Ingimundar-
syni, Hæringsstöðum, með með-
lagi 208 f.

... Nr. 26, Ingibjörg Sveins-
dóttir, 8 ára gl. Henni er ráð-
stafað *) árlengt hjá Jóhanni
Magnússyni í Hæringsstaðahjá-
leigu. Með henni legst 208 f. ...
Stokkseyrarhreppi, 16. júní 1870

(sign.) P. Jónsson.

(sign.) G. Gíslason.“

Byrjunarorð fundargerða
þessara, um mörg ár, eru á þá
leið, sem nú var lýst: „... að
meta árstíllag með hreppsins ó-
mögum, samt ásamt sóknar-
prestinum að ráðstafa þeim í
vissa sama staði“. Hér var sókn-
arpresturinn lengst af, og ein-
mitt árið 1870, séra Páll Ingi-
mundarson, bróðir Gunnars á
Hæringsstöðum. Er nú líklegt að
séra Páll hafi átt þátt í því, að
velja Sveini samastað hjá bróð-
ur sínum, ef hann áleit það
„vandan stað“?

Benda þessi orð í fundargerð-
inni: „... er settur niður ...“
og „... er ráðstafað ...“ á það,
að Sveinn eða Ingibjörg hafi
verið sett á undirboð, eða að
meðgjöfin 208 f., með hvoru
þeirra, hafi verið ákveðin eða

*) Leturbreyting mín.

Minnist merkis- daga í lífi yðar

með því að láta
taka af yður
nýja ljósmynd

á ljósmyndastofu
Sigurðar Guðmundssonar

Lækjargötu 2.

Sími 1980.

Heimasími 4980.

tilnefnd af öðrum en hreppstjórn-
unum einum? Hvernig fær hún
nú staðist fullyrðing höf. þar
sem hann segir: „Og það var
Þorleifur á Háeyri, sem var
uppboðshaldari á þessum varn-
ingi“ o. s. frv. (Höf. er, eins og
áður segir, búinn að skýra frá
því, að Þorl. hafi boðið Svein
upp og „slegið“ hann lægstbjóð-
anda!)

Ég skora á höf., Þórð Jóns-
son, að nefna nöfn heimildar-
manna sinna og sanna það, að
börn eða aðrir sveitarómagar
hafi verið „seld“ og „slegin“ á
undirboðsþingi í Stokkseyrar-
hreppi, oft á áðurnefndu tíma-
bili eða að þessu og ýmsu
öðru leyti verið með þau farið
eins og höfundurinn heldur
fram, og vill að menn taki trú-
anlegt.

Reykjavík, 31. janúar 1938.

Jón Pálsson.

LÍFIÐ Á SKAGASTÖND UM SÍLDVEIÐITÍMANN.

Framh. af 2. síðu.

og sá, sem var fyrstur, getur
orðið hinn síðasti.

Höfðinn fyrir vestan bæinn
geymir mörg leyndarmál í gras-
lautum sínum, sem snúa á móti
vestri, leyndarmál, sem honum
var trúað fyrir, þegar veðrið var
gott og sólin gengin til vesturs.
Þá fengu þau, sem þráðust,
löngun til að ganga upp á Höfða
og leggjast þar í grasi gróna
laut. Og í hugum þeirra var alt
dýrðlegur draumur, þau höfðu
aldrei séð Skagaströnd svo fal-
lega, sjóinn svo speglandi slétt-
an, lífið svo bjart og heillandi
með svo mörgum dásamlegum
unaðsemðum. Þau höfðu aldrei
elskast svo heitt né verið jafn
opinska og nú og treyst hvort
öðru fyrir því helgasta og bezta.
Það var dýrðlegt kvöld. En svo
fóru síldarstúlkurnar á undan
farfuglunum og þær kystu vini
sína þeim heitustu kossum, sem
þær áttu, og sumar sögðu með
klökku hjarta: „Ég kem í síld
að sumri og þá hittumst við aft-
ur.“ Og þegar síldarstúlkurnar
voru farnar, fóru strákarnir að
gera upp hvernig vertíðin hefði
gengið yfir sumarið og út af því
spunnust margar skemtilegar
umræður.

Heimastúlkurnar eru óglaðar
yfir síldartímann vegna þess, að
hugur strákanna er annars
staðar en hjá þeim, en þegar
síldarstúlkurnar eru farnar,
vill þetta lagast aftur og falla í
gamlan farveg.

Þannig er lífsins saga og ör-
lagastraumur á Skagaströnd,

hjúpað ást og söknuði reikulla
vína, sem berast eins og öldur
undan vindi upp að ströndinni
og falla og rísa og hverfa svo al-
veg við hina grýttu strönd.

Og eins og tíðarfarið er
breytilegt og kenjött þar útfrá,
með sínum stormum, regni og
kuldum, eins er skaplyndi
manna og hugarfar, sem býður
ýmist vangann eða hnefann, ást
sína eða hatur.

Öðruvísi en átti að vera.

— Í kvöldboði hafði maður einn
verið að tala um ritninguna.
Þegar hann var þagnaður, sagði
ung stúlka, sem var viðstödd:
— Ég hefi alt af haldið að
Salómon og Gómorra hefðu
verið hjón.

— Þau hefðu að minsta kosti
átt að vera það, sagði gömul
piparjómfrú.

Ráð í tíma tekið.

— Það hafði orðið járnbrautar-
slys og lögregluþjónar voru
komnir á stöðinn. Alt í einu kem-
ur maður þar að hlaupandi, vík-
ur sér að lögregluþjóni og segir:

— Hefir fulltrúi váttrygginga-
félagsins komið hingað?

— Nei, hann er ókominn, var
svarið.

— Jæja, ef þér hafið ekkert
á móti því, þá ætla ég að legg-
ast niður hjá hinum særðu,
sagði maðurinn.

Prentvillur?

— Herra Newlywed (grettir sig
yfir mat sínum):

— Heyrðu, vína mín, held-
urðu að það séu ekki prentvillur
í matreiðslubókinni þinni?

Hverju var beitt?

— Gestur á veitingahúsi (eftir
að hafa beðið lengi eftir fiskin-
um):

— Heyrið mig, þjónni! Hvað
hafið þér í beitu?

Ekki von hún vissi það.

— Lítill drengsnáði hafði heyrt
talað um Darvinismann og
sagði við móður sína:

— Heyrðu, mamma! Held-
urðu, að ég sé kominn af öpum?
Móðirin:

— Veit það ekki, væni minn.

— Ég þekki ekki ættina hans
þabba þíns.

Það var þó huggun.

— Írskur læknir var að rann-
saka særðan mann og sagði:

— Sárin eru þrjú. Eitt þeirra
er banvænt, en ég held, að hann
lifi af hin tvö.

Í barnaskólanum.

— Kennarinn: — Hvar er Egill
Skallagrímsson fæddur?

— Kobbi litli: — Hafnarhúsinu
við Tryggvagötu.

Fyrir rétti.

— Dómarinn:

— Ætlið þér að taka aftur
játningu yðar?

— Ákærði:

— Já, herra dómari! Verjandi
minn hefir sannfært mig um, að
ég sé saklaus.

Þvottaduft
hinna vandlátu.

